



HÚNATHING VESTRA

Efst á baugi
2025



hunathing.is

Efst á baugi 2025
janúar

- Samþykktar reglur um birtingu gagna með fundargerðum. Fylgigögn hafa í framhaldinu verið birt með fundargerðum.
- Styrkur fékkst úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra til verkefnisins Húsin í bænum, upplýsingaskilta um sögufræg hús í elsta hluta Hvammstanga.
- Auglýst eftir umsóknum í Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra.
- Tímabundinn afsláttur af gatnagerðagjöldum valinna lóða samþykktur.
- Brettándabrenna við Höfða.
- Uppfærð jafnréttisáætlun samþykkt.
- Ný húsnæðisáætlun samþykkt.
- Kallað eftir ábendingum íbúa vegna umferðaröryggisáætlunar.
- Bætt í gjafir til ungbarna sem hafa verið afhentar frá árinu 2023.
- Staða verkefnisstjóra umhverfismála auglýst laus til umsóknar.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 1 byggðarráðsfundur.



Ungbarnagjafirnar hafa mælst vel fyrir.



hunathing.is

Efst á baugi 2025
febrúar

- Íbúafundur haldinn í Félagsheimilinu Hvammstanga undir yfirskriftinni vitundarvakning um félagslega einangrun.
- Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir ráðin tengiráðgjafi til að vinna að því að rjúfa félagslega einangrun.
- Fyrirhugaðar ljósleiðaraframkvæmdir á Laugarbakka auglýstar.
- Drög að stefnu um vellíðan án tóbaks, áfengis og annarra vímuefna sett í opið samráð.
- Íbúafundur um opnunartíma leikskóla og frístundar haldinn.
- Kortasjá sveitarfélagsins uppfærð og nú m.a. hægt að sjá loftmyndir frá ólíkum árum.
- Slökkviliðsmenn fengu þjálfun í hlutverki vettvangsliða.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.



Frá vettvangsliðþjálfun slökkviliðsmanna.

**HÚNAÞING
VESTRA**

Efst á baugi 2025
mars

- Úthlutað úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra, 5 verkefni hlutu styrk: Sánasetrið, Hret víngerð, Vettvangur íþróttar, Selasetur Íslands vegna selaskoðunar í sýndarveruleika og Framhugsun vegna verkefnisins Rabarbaron.
- Breytingar gerðar á talmeinaþjónustu. Brynhildur Þöll Steinarsdóttir tók við þjónustunni.
- Fræðsla um ofbeldi og stuðningsúræði við heimilisofbeldi haldin í Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Styrkur fékkst í verkefnið Orkuskipti í Húnaþingi vestra.
- Sveitarfélagið stóð fyrir ljósmyndasamkeppni. Fjöldi fallegra mynda barst.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.


HÚNAÞING VESTRA

Undirritun samnings um styrk til Orkuskiptaverkefnis.



Efst á baugi 2025
apríl

- Fyrsti samráðsfundur vegna viðræðna um sameiningu Húnaþings vestra og Dalabyggðar haldinn.
- Tillögur um samfélagsmiðstöð settar í opið samráð.
- Pílukastaðstaða sett upp í félagsmiðstöðinni Óríon.
- Endurskoðuð Menntastefna Húnaþings vestra sett í opið samráð.
- Stefna um vellíðan án tóbaks, áfengis og annarra vímuefna samþykkt.
- Lið Grunnskóla Húnaþings vestra sigraði riðlakeppni Skólahreysti.
- Formleg opnun Snældunnar, samþættar heimaþjónustu Húnaþings vestra og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 2 byggðarráðsfundir.



Pílukastaðstaðan í Óríon.

**HÚNAÞING
VESTRA**

Efst á baugi 2025
maí

- Lið Grunnskóla Húnaþings vestra bar sigur úr býtum í Fiðringi, hæfileikakeppni fyrir nemendur í 8.–10. bekk á Norðurlandi.
- Blóðbankinn stóð fyrir blóðsöfnun á Hvammstanga.
- Starf leikskólastjóra auglýst laust til umsóknar.
- Námskeið í þrívíddarprentun haldið í Tæknismiðjunni.
- Kvenfélagið lóunn færði leik og grunnskólanum rausnarlegar gjafir.
- Henrike Wappler og Sesselja Kristín Eggertsdóttir héldu erindi um samstarfsverkefnið Gott að eldast á ráðstefnu í Lissabon, Portúgal.
- Lið Grunnskóla Húnaþings vestra lenti í 5. sæti í Skólahreysti.
- Birnur sigruðu í sínum flokki á Öldungi Blaksambands Íslands.
- Ársreikningur Húnaþings vestra samþykktur.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 2 byggðarráðsfundir.



Hluti liðs Grunnskólans sem vann Fiðring.

**HÚNAÞING
VESTRA**

Efst á baugi 2025
júní

- Starf þroskaþjálfra auglýst laust til umsóknar.
- Úrslit myndasamkeppninarinnar gerð kunn.
- Auglýst erftir tilnefningum til samfélagsverðlauna 2025.
- Umfangsmiklar malbikunarframkvæmdir fóru fram á Hvammstanga.
- Drög að umgengisreglum leiguíbúða Húnaþings vestra settar í opið samráð.
- Keppendur frá Húnaþingi vestra sóttu fjölda verðlauna á Landsmóti UMFÍ 50+.
- Auglýst eftir umsóknum í Húnasjóð.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.

**HÚNAÞING
VESTRA**



hunathing.is

Áhrifaríkasta myndin í ljósmyndasamkeppninni.



Efst á baugi 2025
júlí

- Samþykktar reglur um innheimtu og afskriftir viðskiptakrafna hjá Húnaþingi vestra.
- Áform um uppbyggingu lífsgæðakjarna fyrir 50+ kynnt.
- Auglýst eftir hugmyndum að forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar.
- Tæknismiðja í samfélagsmiðstöðinni Félagsheimilinu opnuð.
- Eldur í Húnaþingi fór fram í 23. sinn.
- Vaskir piltar tóku sig til og settu upp palla á folfvellinum í Kirkjuhvammi.
- Þrír fjólubláir bekkir settir upp í sveitarfélaginu til að vekja vitund um Alzheimer.
- Úthlutað úr Húnasjóði. Tveir hlutu styrk að þessu sinni.
- Guðný Kristín Guðnadóttir ráðin leikskólastjóri leikskólans Ásgarðs.
- 3 byggðarráðsfundir.



Hugmyndir að lífsgæðakjarna á Miðtúnsreit.

**HÚNAÞING
VESTRA**

Efst á baugi 2025
ágúst

- Kallað eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga.
- Auglýst eftir umsóknum til styrkja til félags-, menningar- og atvinnumála 2026 í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.
- Lokið við ljósleiðaravæðingu á Laugarbakka.
- Vinnustofa um framtíðarsýn í tengslum við sameiningarviðræður Húnaþings vestra og Dalabyggðar haldin á Borðeyri.
- Sameiginlegur starfsdagur starfsmanna Húnaþings vestra haldinn í Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Gærurnar færðu ípróttamiðstöðinni kalt kar að gjöf.
- Fundur um mótun samskiptastefnu Norðurlands vestra í Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Ípróttamiðstöðin tók þátt í Sinfó í sundi. Gátu sundgestir hlustað á tónleika í beinni í lauginni og pottunum.
- Framkvæmdir við klæðningu á Félagsheimilinu Hvammstanga hófust.
- 1 byggðarráðsfundur.



Frá starfsdegi starfsmanna.

**HÚNAÞING
VESTRA**

- Upplýsingavefur í tengslum við sameiningarviðræður Húnaþings vestra og Dalabyggðar opnaður.
- Fastur opnunartími Tæknismiðjunnar í samfélagsmiðstöðinni Félagsheimilinu Hvammstanga kynntur. Mánudaga og miðvikudaga kl. 16–18.
- Drög að þjónustustefnu Húnaþings vestra sett í opið samráð.
- Starf sviðsstjóra umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs auglýst laust til umsóknar.
- Blóðbankinn kom í blóðsöfnunarferð á Hvammstanga.
- Samfélagsviðurkenningar 2025 veittar þeim Kristínu Guðmundsdóttur, Ólöfu Sigurbjartsdóttur, Sigurði Líndal og Kathrinu Schmitt.
- Byggðasafn Húvetninga og Strandamanna hlaut höfðinglegan styrk frá Húvetningafélaginu í Reykjavík.
- Félag eldri borgara í Húnaþingi vestra flutti starfsemi sína í samfélagsmiðstöðina í Félagsheimilinu Hvammstanga
- 1 sveitarstjórnarfundur og 4 byggðarráðsfundir.

Efst á baugi 2025
september

HÚNAÞING VESTRA

Frá afhendingu Samfélagsviðurkenninga.



Efst á baugi 2025
október

- Sjótaekni hélt kynningarfund á tilraunaverkefni um útsetningu á þaragarði norðan við Heggstaðanes.
- Íbúafundur vegna sameiningarviðræðna Húnaþings vestra og Dalabyggðar.
- Auglýst eftir aðilum til vetrarveiða á ref.
- Lag eftir Emelíu Írisi, nemandi í 10. bekk valið til þátttöku í Málæði á RÚV.
- Slökkviliðsmaður sótti námskeið í björgunartækni hjá Holmatro í Hollandi.
- Umhverfisviðurkenningar afhentar.
- Tvö ný útilistaverk litu dagsins ljós á Hvammstanga, selaveggmynd á vegg við Brúartorg og listaverkið Veðurglugginn í fjörunni við Selasetrið. Bæði verkin eftir Juan Arctic.
- Fræðslufundur um tækifæri í Sniglarækt haldinn á Hvammstanga.
- 2 sveitarstjórnarfundur og 4 byggðarráðsfundir.



Frá afhendingu umhverfisviðurkenninga.

**HÚNAÞING
VESTRA**

Efst á baugi 2025
nóvember

- Námskeið í notkun vinilskera haldið í Tæknismiðjunni í samfélagsmiðstöðinni í Félagsheimilinu.
- Íbúafundur vegna sameiningarviðræðna Húnaþings vestra og Dalabyggðar.
- Viðbragðsaðilar í Húnaþingi vestra komu saman á minningardegi fórnarlamba umferðarslysa.
- Gærurnar styrktu Brunavarnir Húnaþings vestra til kaupa á ullarfatnaði og vinnuvettlingum fyrir liðið.
- Þjónustustefna Húnaþings vestra samþykkt.
- Aðstöðuhús í Kirkjuhvammi reist.
- Fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029 samþykkt.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 2 byggðarráðsfundir.



Viðbragðsaðilar á minningardegnum.

**HÚNAÞING
VESTRA**

Efst á baugi 2025
desember

- Ólöf Ólafsdóttir á Tannstaðabakka færði Velferðarsjóði Húnaþings vestra höfðinglega gjöf, kr. 600 þúsund. Á síðustu 9 árum hefur Ólöf styrkt sjóðinn um 5.3 milljónir króna!
- Farsældarráð Norðurlands vestra stofnað formlega með samstarfssamningi sveitarfélaganna og samstarfsyfirlýsingu þjónustuaðila og stofnana í landshlutanum.
- Auglýst eftir tilboðum í íbúð sveitarfélagsins að Hlíðarvegi 25.
- Nýjar tillögur um breytingar á gjaldskrá Leikskólans Ásgarðs settar í opið samráð.
- Auglýst eftir umsóknum í Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra.
- Íbúakosning um sameiningu Húnaþings vestra og Dalabyggðar fór fram og var sameining felld í báðum sveitarfélögunum.
- 2 sveitarstjórnarfundir og 3 byggðarráðsfundir.

HÚNAÞING VESTRA

Ólöf ásamt stjórn Velferðarsjóðsins

